

Reglugjörð

98

22. sept.

um girðingar, samkvæmt girðingalögum 22. nóv. 1913.

1. gr.

Vírgirðing á jafnsljettu skal vera að minsta kosti 1 m. á hæð. Vírgirðing fyrir kynbótagripi má eigi vera lægri en 1 m. 12 cm.

2. gr.

Vírgirðing á jafnsljettu 1 m. há skal vera með 5 strengjum. Neðsti strengurinn skal vera 10 cm. frá jörðu, annar 25 cm., þriðji 45 cm., fjórði 70 cm., fimti 1 m. Í vírgirðingum fyrir kynbótagripi á jafnsljettu skal neðsti strengurinn vera 12 cm. frá jörðu, annar 30 cm., þriðji 50 cm., fjórði 80 cm., fimti 1 m. 12 cm.

3. gr.

Þegar vírgirðing er gerð á jafnsljettu, skal sljetta landið vel undir vírinn. Sje hæðir nokkrar svo nærri girðingunni, að skepnur geti stokkið af þeim yfir hana, skal nema þær burtu.

4. gr.

Garð má hlaða undir vírinn, og skal hann vera á hæð að minsta kosti 30 cm., eða 60 cm.. eða 75 cm., eftir strengjafjölda. Ef garðurinn er 75 cm. á hæð, skulu vera tveir strengir ofan á honum; ef hann er 60 cm., skulu strengirnir vera þrír, en fjórir ef garðurinn er 30 cm. Þegar strengir eru fjórir, skulu þeir vera 10, 25, 50 og 80 cm. frá garðinum, ef þeir eru þrír 15, 35 og 65 cm., og ef þeir eru tveir, þá 15 og 40 cm. frá garðinum.

5. gr.

Ef skurður er gerður til varnar skal hann vera ekki minna en 2 m. á breidd að ofan og 1 m. á dýpt, en rofinu hlaðið í garð á innri bakka skurðarins og garðurinn þakinn að utan og ofan, ef hann er um tún. Ef garðurinn er lægri en 1 m., en þó eigi lægri en 65 cm., skal einn vírstrengur vera ofan á honum, 15 cm. frá garðinum, en sje garðurinn lægri, þá tveir strengir, 15 og 40 cm. frá honum.

6. gr.

Milli stuðla þeirra, sem vírinn er festur á, má vera alt að 6 m. bil eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður er hlaðinn undir vírinn.

22. sept.

Virinn skal vera vel galvaniseraður, og sömuleiðis naglar þeir og kengir og annað, sem hann er festur með. Gaddavír skal vera feryddur og ekki meira en 13 cm. bil milli gadda.

8. gr.

Stuðlar og máttarstólpar mega vera úr trje, galvaniseruðu jární eða steinsteypu. Skulu þeir vera úr góðu efni, sterkir og vel frá þeim gengið.

9. gr.

Máttarstólpar, sem ætlaðir eru til að strengja virinn við og styðja girðinguna, skulu allir standa niður úr klaka, nema þeir sjeu festir í steina, er geta ekki haggast. Þeir máttarstólpar, sem eru þar sem girðingin beygist inn eða út, upp eða niður, eða í enda girðingar eða við hlið, skulu vera miklu sterkari en þeir stuðlar, sem eingöngu eru ætlaðir til stuðnings girðingunni, og svo vel festir, að þeir haggist ekki, hversu mikið sem reynir á girðinguna.

Virinn skal vera vel strengdur.

10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 cm. sje milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírgirðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 m. 65 cm. sje frá miðjum vegi til girðingar og 3 m. 77 cm. frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta á einnig við gaddavírgirðingar með tröðum og heimreiðum.

Með tröðum og heimreiðum má hafa sljettan vír, en ella skal til vírgirðinga hvervetna hafa gaddavír, nema stjórnarráðið hafi í það og það skiftið leyft aðra tilhögun.

11. gr.

Hvar sem girðing liggur yfir veg, skal vera hlið á henni og grind í hliðinu, að minsta kosti 2 m. 50 cm. breið og svo gærð, að opna megí með því að taka til hendi af hestbaki.

Þá er hliði er lokað, skulu hvorki stórgripir, sauðfje nje geitfje geta komist inn um það.

Í stjórnarráði Íslands, 22. september 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.